

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2020

2001062SA KB/bg
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um stöðumat og valkosti í opinberum innkaupum, mál. nr. 14/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda um stöðumat og valkosti í opinberum innkaupum, dags. 27. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum.


Stöðumatið, stundum einnig nefnt grænbók, er umræðuskjal unnið í víðtæku samráði þar sem almenningi og hagsmunaaðilum er boðið að leggja fram sín sjónarmið um álitæfni, viðfangsefni og framtíðarsýn sem nýst gæti í stefnumótum. Í stöðumatinu er afmarkað viðfangsefnið „opinber innkaup“, farið yfir helstu samráðsaðila, stöðumat á núverandi stöðu og tölfræði, og teknir saman valkostir, framtíðarsýn og áherslur til umræðu.

Í lok stöðumatsins eru kynnt drög að framtíðarsýn og áherslum til frekari umræðu og útfærslu með almenningi og hagsmunaaðilum. Einnig eru drög að meginmarkmiðum. Umrædd drög eru góður upphafspunktur til frekari umræðu en sambandið vill þó vekja athygli á atriðum er æskilegt væri að kæmu skýrar fram þegar framtíðarsýn og meginmarkmiðin verða unnin áfram.

- **Byggðasjónarmið:** Mikilvægt er að ríkið geri sér grein fyrir því að innkaupastefna ríkisins getur haft mikil áhrif á byggðaþróun. T.d. hafði fækkun birgja í rammasamningum neikvæð áhrif á landsbyggðina og tækifæri sveitarfélaga til að nýta sér rammasamninga. Eðlilegt er að við þróun innkaupastefnu sé tekið tillit til byggðasjónarmiða líkt og annarra jafnréttissjónarmiða. Með því að taka tillit til byggðasjónarmiða er um leið hægt að styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki en flest fyrirtæki á landsbyggðinni falla í þann flokk.
- **Efling félagslegrar og faglegrar aðlögunar fólks:** Eðlilegt er að stjórnvöld nýti opinber innkaup til þess að styðja við eflingu félagslegrar og faglegrar aðlögunar fólks sem þarf á slíkri aðlögun að halda. Það getur t.d. átt við um fatlað fólk, innflytjendur, ungt fólk með litla menntun eða fólk með skerta starfsgetu. Fjöldi borga hafa náð miklum árangri með því að nýta opinber innkaup til að hvetja atvinnulíf til aukinnar samfélagslegrar ábyrgðar á þessu sviði. Sambandið hvetur til þess að þessi hugmyndafræði sé skilgreind víðar en gefið er í skyn á bls. 15 í stöðumatinu en þar er eingöngu talað um *virka atvinnuþátttöku fatlaðra í verkefni er sneri að þjónustu við fatlaða*. Hægt er að nýta sér reynslu annarra þjóða og borga til að ná enn frekari árangri út fyrir slík einangruð verkefni.

Sambandið hvetur einnig til þess að í samráðsferlinu verði haft víðtækt samráð við sveitarfélög. Þar sem viðmiðunarfjárhæðir um útbodsskyldu sveitarfélaga lækkuðu gíffurlega í maí 2019 hafa sveitarfélög þurft að treysta enn frekar á rammamninga Ríkiskaupa og því ljóst að stefna ríkisins um opinber innkaup mun hafa mikil áhrif á stefnu sveitarfélaga um opinber innkaup.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri